

sbr. 2. mgr. 30. gr. einkamálalaga, og hefur hann farið með málið síðan og kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Hákonarson, landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Orðin „nauðung“ og „valdníðsla“ í álitserð stefnanda, sem að framan greinir, skulu vera dauð og ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 1.174.780, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs talsmanns hans, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmans, kr. 800.000. Kostnaður stefnda Bjarna Hákonarsonar af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 700.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, kr. 650.000.

Mánudaginn 3. maí 1982.

Nr. 176/1981. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Þorfinni Kristjánssyni
(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. júní 1981. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og hann dæmdur til refsingar og ökuleyfisvæptingar.

Af ákærða hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með bréfi 26. apríl 1982 féll ákærvaldið frá því, að brot ákærða yrðu heimfærð undir 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. mgr. 33. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, sem vísað var til í ákæruskjali.

Í ákæruskjali er misritað ár það, er brot var framið, 1950 í stað 1978.

Vörn ákærða er byggð á því, að niðurstaða blóðrannsóknar veiti ekki réttar upplýsingar um ástand hans, meðan á akstrinum stóð, þar sem hann hafi neytt áfengis, eftir að honum lauk, en áður en blóðtaka til rannsóknar fór fram. Séu því ósönnuð áfengisáhrif við akstur eða önnur áfengisneysla fyrir aksturinn en lítils háttar neysla hvítvíns með hádegisverði sem í héraðsdómi greinir.

Er ákærði var leiddur fyrir lögregluvarðstjóra stuttu eftir handtöku, gaf hann skýrslu, sem hann staðfesti með undirskrift sinni. Í skýrslu þessari segir, að hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að hann hætti að aka.

Samkvæmt skýrslu varðstjórans, sem annar lögreglumaður vottar, var framburður ákærða greinargóður, málfar skýrt, jafnvægi stöðugt, framkoma kurteisleg og áfengisþefur af andardrætti ógreinilegur. Lýsing þessi og það áfengismagn, sem ákærði telur sig hafa neytt, sbr. niðurstöðu blóðrannsóknar, bendir ekki til þess, að hann hafi verið svo ölvaður, að hann vissi ekki, hvað hann var að gera, er hann gaf skýrslu þessa og undirritaði. Ákærði hafði þrisvar sinnum áður verið dæmdur fyrir ölvunarakstur. Var hann því ekki ókunnugur skýrslugjöf í sambandi við þessa tegund brota eða þýðingu hennar.

Niðurstaða héraðsdóms er á því reist, að sannað sé, að ákærði hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Sönnun fyrir áfengisneyslu ákærða, eftir að akstri lauk, er talin felast í þeim framburði Svans Elissonar lögreglumanns, að ákærði hafi haldið á glasi, er vitnið talaði við hann að Gautlandi 9, sem var heimili fyrrverandi eiginkonu ákærða, Sólvegar Pálmadóttur. Hún skýrði frá því, að sig minnti, að ákærði hefði neytt áfengis, eftir að hann kom heim til hennar. Kvaðst hún halda, að ákærði hefði verið með glas í hendi,

þorir þó ekki að fullyrða það, en „kveðst endilega minna, að svo hafi verið“. Þegar þetta skeði, voru þau ákærði og Sólveig skilin að borði og sæng, en þau skildu síðar lögskilnaði. Af framurði konunnar verður ráðið, að hún hafi ekki veitt honum áfengi, meðan á þessari heimsókn hans stóð, og ákærði hefur enga grein gert fyrir því, hvaðan áfengi það hafi komið, sem hann kvaðst hafa neytt þarna. Af framburði lögreglumannsins og eiginkonunnar fyrrverandi verður ekkert ráðið um það, hvað verið hafi í glasi því, sem lögreglumaðurinn segir ákærða hafa haldið á, og eiginkonuna fyrrverandi minnti, að hann hefði haldið á. Verður því ekki fallist á það með héraðsdómara, að sönnuð sé áfengisneysla ákærða, eftir að akstri lauk.

Vitnin Bjarndís Steinþóra Jóhannsdóttir og Inga Ósk Jóhannsdóttir, sem báðar hafa unnið eið að framburðum sínum, kveðast hafa séð áfengisáhrif á ákærða, er hann kom að Vesturbergi 148 stuttu fyrir handtöku. Framburður vitnins Stefáns Stefensen Tyrfingssonar, sem snæddi hádegisverð með ákærða, er þýðingarlaus um annað en hvítvinsdrykkju ákærða, þar sem þeir skildu, áður en akstur ákærða hófst, og ekki er vitað, hve langur tími leið þar á milli.

Með hliðsjón af alkóhólmagni því, er reyndist í blóðsýni, sem tekið var úr ákærða, og með vísan til skýrslu ákærða fyrir varðstjóra og annarra sakargagna þykir sannað, að hann hafi ekið bifreið undir áhrifum áfengis, og varðar atferli hans við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr.

Ákærði hefur samkvæmt sakarvottorði sætt þessum refsingum vegna ölvunaraksturs, en önnur brot skipta ekki máli um úrlausn þessa máls:

- 1971 13/10 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 8/5 1971.
- 1975 20/3 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 20/5 1974.
- 1975 30/4 í Reykjavík: Dómur: 45 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 26., 35. og 37. gr., 38. og 50. gr.

umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 15/1 1975.

1978 20/2 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Dómarnir frá 20. mars og 30. apríl 1975 hafa ítrekunaráhrif í sambandi við brot það, sem hér er fjallað um.

Hefur ákærði með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Svipta ber ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans þar, svo sem þau voru ákveðin í héraðsdómi, og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorfinnur Kristjánsson, sæti varðhaldi 15. daga.

Ákærli skal sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, svo sem þau voru ákveðin í héraðsdómi, svo og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteins-

syni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 123/1981: Ákærvaldið gegn Þorfinni Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 24. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. september 1978 á hendur ákærða, „Þorfinni Kristjánssyni sölumanni, Gautlandi 9, Reykjavík, fæddum þar í borg 30. september 1950, fyrir að aka laugardaginn 27. maí 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 56622 frá Loftleiðahóteli í Reykjavík að Vesturbergi 148 og eftir stutta viðdvöl þar heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. nú 1. mgr. 33. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Mál þetta var dæmt þann 13. október 1978, en var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum þann 24. september 1980, var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Með bréfi, dagsettu 31. október sl., sendi ríkissaksóknari dómnum beiðni um frekari rannsókn málsins, og segir svo í bréfi þessu: „Kvaddir verði fyrir sakadóm til vitnisburðar: 1. Eiríkur Hreinn Helgason, lögreglumaður nr. 136, 2. Kristinn Pedersen, lögreglumaður nr. 98, svo og 3. Rúnar Guðmundsson, aðalvarðstjóri, sbr. urskj. II-1.

Ákærði verði inntur eftir því, með hvaða „kunningjafólki“ („kunningjum“) hann var staddur að Hótel Loftleiðum og hvaða „konu“ hann talaði við að Vesturbergi 148, sbr. framburð ákærða hjá lögreglu 27. maí og 27. júní 1978. Fólk þetta verði kvatt fyrir sakadóm til vitnisburðar.

Eiginkonu ákærða verði gefinn kostur á að bera vitni.

Ákærða verði kynntir allir framburðir og önnur sakargögn í málinu og hann spurður sjálfstætt um sakarefni og það fært til þingbókar. Sampröfun fari fram, ef svo ber undir.“

Málavextir.

Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, undirritaðri af Eiríki Hreini Helgasyni lögreglumanni og dagsettri 27. maí 1978, kl. 1710, segir svo orðrétt: „Tilkynning barst til lögreglunnar, að um-

ræddri bifreið hefði verið ekið frá Vesturbergi og væri ferð hennar heitið að Gautlandi 9 í Rvk. Fórum við ofangreindir lög-regluþjórnar að Gautlandi 9, og fundum við bifreiðina þar. Vél hennar var heit, en ökumaður var ekki sjáanlegur. Var okkur tjáð af íbúum hússins, að ökumaður og eigandi bifreiðarinnar ætti heima á annarri hæð til vinstri.

Knúðum við dyra, og kom Þorfinnur sjálfur til dyra. Nokkur áfengisþefur var af honum, en hann var ekki áberandi ölvaður að sjá. Hann þrætti í fyrstu fyrir að hafa ekið umræddri bifreið. Kvað hann konu sína hafa gert það. Hún neitaði eindregið að hafa snert bifreiðina og sagði bónda sinn hafa verið að koma heim rétt í þessu.

Þorfinnur féllst á að koma með okkur á lögreglustöðina, en bifreiðina skildum við eftir þar á staðnum og lyklana í vörslu eiginkonu Þorfinns.

Aðspurður af Rúnari Guðmundssyni, aðalvarðstjóra, kvaðst Þorfinnur hafa ekið bifreið sinni skömmu áður. Öndunarsýni sýndi 3. stig.

Þorfinnur kvaðst hafa verið að neyta áfengis kvöldið áður og eitthvað fram á nótt. Kvaðst hann hafa sofið 7½ tíma um nóttina og síðan neytt sem svaraði 1/3 úr hvítvínsflösku á tímabilinu 13:30—15:00. Hefði hann verið á Loftleiðahótelinu við þá neyslu. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Að lokinni skýrslutöku var Þorfinnur færður á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis, og fylgir blóðtökuvottorð skýrslu þessari. Um ástand og framburð Þorfinns vísast að öðru leyti til meðfylgjandi varðstjóraskýrslu.“

Í framangreindri varðstjóraskýrslu er bókað eftir ákærða, að hann hafi ekki drukkið áfengi, eftir að hann hætti að aka.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhól-rannsóknar af Gunnari Inga Gunnarssyni lækni kl. 1808 sama dag. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.95‰.

Í skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 27. júní 1978 skýrði ákærði svo frá: „Þennan umrædda dag var ég staddur á Hótel Loftleiðum ásamt kunningjum. Þar neytti ég léttvíns, drakk úr einu staupi af léttu víni, tegund „hvítvín“.

Var það á tímabilinu frá um klukkan 13:30 til 15:00. Um klukkan 16:00 ók ég bifreið minni frá Hótel Loftleiðum, var ég einn í bifreiðinni, og var ferðinni heitið í Breiðholt. Ók ég sem leið lá um Flugvallarveg, Reykjanesbraut, Litluhlíð, Eski-

torg, Hamrahlíð, Kringlumýrarbraut, Miklubraut, Reykjanesbraut, Álfabakka, Arnarbakka, Fálkabakka, Vesturberg að húsi nr. 148. Þar fyrir utan lagði ég bifreiðinni og fyrir inn í nefnt hús (sic). Ég hafði þar tal af konu, sem ég þekki, mun ég hafa dvalið þarna í um það bil fimm mínútur. Þaðan ók ég síðan sem leið lá um Vesturberg, Vesturhóla, Fálkabakka, Arnarbakka, Álfabakka, Reykjanesbraut, Bústaðaveg og um Gautland að heimili mínu Gautlandi 9.

Ég hafði dvalið þar í um fimmtán til tuttugu mínútur, þegar lögregluna bar að og hafði frekari afskipti af mér. Varðandi það, að ég hafi ekki neytt áfengis, eftir að akstri lauk, sbr. skjal nr. 1, vil ég taka fram, að það fyrsta, sem ég gerði, eftir að heim kom, eftir að akstri lauk, var að fá mér „Vodka“. Hafði ég drukkið úr tveimur glösum af „Vodka“ blönduðu með Coca-Cola, þegar lögregluna bar að.

Mætti kveðst aðspurður ekki hafa fundið til áhrifa við áður nefndan akstur. Eins og fram kemur, kveðst mætti hafa drukkið út tveimur glösum af „Vodka“, sem hann segir, að hafi verið tvöfaldur „sjúss“ í hvort skipti, eftir að akstri lauk.“

Þann 3. desember sl. kom fyrir dóminn sem vitni Eiríkur Hreinn Helgason lögreglumaður, fæddur 10. september 1955. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið kveðst ekki vita, hver tilkynnti um akstur ákærða. Vitnið taldi, að ekki hafi liðið nema örskotsstund frá því að tilkynnt var um aksturinn og þar til þeir höfðu afskipti af ákærða. Vitnið kvaðst minna, að þeir hafi verið staddir í Breiðholtshverfi og haldið rakleiðis að Gautlandi 9, eftir að tilkynningin barst. Vitnið minnst þess ekki, að ákærði hafi verið með glas í hendi, er hann kom til dyra, en gat þó ekki fullyrt um það. Vitnið minnti að hafa séð konu í íbúðinni, en mundi ekki sérstaklega eftir orðaskiptum við hana. Vitnið mundi ekki eftir að hafa heyrt ákærða tala um, að hann hafi neytt áfengis eftir aksturinn. Vitnið minnst þess ekki að hafa séð merki um áfengisneyslu í íbúð ákærða. Vitnið minnst þess ekki að hafa séð áfengisáhrif á ákærða.“

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Kristinn Pedersen lögreglumaður, fæddur 30. maí 1948. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið kvaðst minnast málsatvika. Vitnið kvaðst ekki vita, hver tilkynnti um aksturinn. Vitnið mundi ekki, hvar þeir voru staddir né hve langur tími leið frá því tilkynningin barst og þar til þeir höfðu afskipti af ákærða, en taldi ekki hafa liðið langa stund. Vitnið kvaðst muna eftir ákærða, sem

er ljóshærður og hrokkinhærður. Vitnið kvað þá lögreglumennina hafa farið inn í íbúðina, og var kona þar fyrir. Vitnið mundi ekki eftir orðaskiptum við hana. Vitnið kvaðst ekki muna eftir, að ákærði hafi verið með glas í hendi, en þorði ekki að fullyrða um það. Vitnið minnti, að ákærði hafi verið skólaus og farið í skó, þegar þeir báðu hann að koma með sér. Vitnið minnst þess, að þeim hafi verið tjáð, að ákærði væri nýkominn heim. Vitnið kvað, að áfengislykt hafi verið af ákærða og lítillæg áfengisáhrif sjáanleg á honum.“

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Rúnar Guðmundsson aðalvarðstjóri, fæddur 14. október 1927. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá, að það minntist ekki sérstaklega, hverju ákærði svaraði, er hann var inntur eftir því, hvort hann hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Vitnið staðfesti varðstjóraskýrslu þá, er það gerði um mál þetta.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Stefán Stefensen Tyrfinngsson leigubifreiðarstjóri, fæddur 7. júlí 1945. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið kvaðst ekki vera skylt ákærða, en kvað þá hafa unnið saman á bílasölunni Skeifunni árið 1978—1979.“

Vitnið kvaðst oft hafa neytt matar með ákærða á Hótel Loftleiðum í hádeginu á laugardögum. Kvað vitnið, að það myndi eftir þessu tilviki, þar sem ákærði hringdi í vitnið, skömmu eftir að lögreglan hafði afskipti af ákærða og bar á hann að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst síðan ekkert hafa rætt við ákærða um málið. Vitnið kvað, að þennan dag hafi verið keypt hálf flaska af léttu víni. Hafi vitnið og ákærði klárað úr flöskunni með matnum kl. 12:30—13:00, en vitnið kvaðst þó ekki alveg visst um tímasetningar. Vitnið kvað ákærða ekki hafa farið á barinn, meðan það var statt þarna. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að ákærði hafi neytt meira áfengis en þessa léttvins ásamt vitninu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið minnti, að ákærði hafi setið eftir að vitnið var farið.“

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Bjarndís Steinþóra Jóhannsdóttir afgreiðslustúlka, fædd 11. október 1950. Vitnið vann eið að famburði sínum og skýrði svo frá:

„Vitnið kvaðst hafa verið sambýliskona ákærða í nokkra mánuði fyrri part ársins 1978 og hafi þau fyrst búið saman í Kópavogi og síðan að Vesturbergi 148.“

Vitnið kvað, að sambúð þeirra hafi verið lokið þann 27. maí 1978.

Vitnið kvað, að Einar Þórðarson hafi hringt til lögreglunnar og tilkynnt um akstur ákærða, en Einar þessi á barn með systur vitnisins. Vitnið kvaðst hafa beðið Einar um að hringja í lögregluna. Kvað vitnið, að ákærði hafi komið á heimili þess að Vesturbergi 148 snarvitlaus til þess að rífast um það, að vitnið rak hann úr íbúðinni, og kvaðst vitnið hafa verið hrætt við ákærða. Vitnið kvaðst hafa séð áfengisáhrif á ákærða, hann hafi slagað og jafnframt hafi verið áfengislykt af honum. Vitnið kvaðst á þessum tíma ekki hafa haft hugmynd um, hvar ákærði bjó. Vitnið kvaðst hafa vitað, að fyrrverandi eiginkona ákærða bjó að Gautlandi 9. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um það, hvert ferð ákærða var heitið. Vitnið kvað ákærða hafa komið kl. 15:30—16:00 og dvalið í hálf tíma. Vitnið kvað ákærða ekki hafa neytt áfengis á heimili vitnisins. Vitnið taldi, að Einar hafi hringt, um leið og ákærði var að fara frá húsinu. Vitnið kvað, að Einar hafi verið í nöp við ákærða, vegna þess að ákærði hélt víni að Einari til þess að fá upplýsingar um hagi vitnisins.

Vitnið kvaðst engan kala bera til ákærða.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki minnast þess að hafa látið þess getið við Einar, að ákærði væri á leið í Gautland 9.“

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Sólveig Pálmadóttir sjúkraliði, fædd 19. febrúar 1950.

Vitnið kvaðst vera fyrrverandi eiginkona ákærða. Kvað vitnið þau hafa skilið lögskilnaði fyrir 2 árum. Kvað vitnið, að þau hafi verið skilin að borði og sæng, er atburður þeir urðu, er hér er fjallað um. Vitnið kvað þau eiga saman eitt barn, 13 ára gamalt.

Vitninu var bent á ákv. 1. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Vitnið kvaðst ekki skorast undan að bera vitni. Áminnt um sannsögli skýrði vitnið svo frá:

„Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir áfengisáhrifum á ákærða, en kvað þau hafa talað lítið saman. Vitnið kvað ákærða stundum hafa komið í heimsókn. Vitnið minnti, að ákærði hafi neytt áfengis, eftir að hann kom heim. Vitnið kvaðst hafa verið inni í eldhúsi, en ákærði hafi verið inni í stofu. Vitnið kvaðst halda, að ákærði hafi verið með glas í hendi, þorði þó ekki að fullyrða það, en kvaðst endilega minna, að svo hafi verið. Vitnið kvaðst minna, að ákærði hafi farið inn í eldhús og náð í glas. Vitnið gat ekki gert sér grein fyrir því, hve langur tími leið, frá því að ákærði kom, þar til lögreglan hafði afskipti af honum, en taldi, að ekki hafi liðið minna en 15—20 mínútur. Vitnið kvað, að ákærði hafi hringt í sig fyrir hálfum mánuði og tjáð sér, að hún mætti búast

við upphringingu út af þessu máli. Annað kvaðst vitnið ekki hafa rætt við ákærða um mál þetta.“

Þann 22. janúar sl. kom fyrir dóminn sem vitni Einar Marel Þórðarson gæslumaður, fæddur 14. maí 1952. Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum og skýrði svo frá:

„Vitnið kvaðst ekki vera skylt ákærða. Vitnið mundi eftir málsatvikum. Ákærði kom á bifreið í íbúð í Vesturbergi í Breiðholtshverfi. Þar voru Inga Ósk og systir hennar. Vitnið kvað, að ruglástand hafi verið á ákærða, og vitnið minnti, að hann hafi verið undir áhrifum. Vitnið kvað, að ákærði hafi undanfarið verið töluverðan tíma undir áhrifum áfengis. Vitnið kvað ákærða bera áfengi vel, en kvaðst ekki geta sagt til um það, hvernig áhrifin lýstu sér. Vitnið mundi það, að það skynjaði það, að ákærði var undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það var undir áhrifum áfengis þennan dag. Vitnið kvaðst ekki muna eftir hegðun ákærða. Vitnið mundi ekki, hve lengi ákærði dvaldi í íbúðinni. Hafi ákærði og systir Ingu Óskar, Bjarndís Steinþóra Jóhannsdóttir, rifist. Ákærði fór út, og þá var hringt til lögreglunnar. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort vitnið eða Bjarndís hringdi. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort lögreglunni var gefið upp, hvert ákærði var að fara. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, hvert ákærði var að fara.

Borin var undir vitnið staðhæfing vitnisins Bryndísar, að vitninu hafi verið í nöp við ákærða. Vitnið kannaðist ekki við, að þetta væri rétt. Vitnið kvað, að ákærði hafi verið leiðinlegur með víni, og af þeirri ástæðu var vitninu illa við ákærða.

Vitnið skýrir nú frá sérstaklega aðspurt, að það treysti sér ekki til að fullyrða um það, hvort ákærði var undir áfengisáhrifum eða ekki.“

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Svanur Elisson lögreglumaður, fæddur 18. janúar 1955. Hvergi var minnst á Svan þennan í skjölum málsins, og kom því í ljós fyrir tilviljun, að hann hefði haft afskipti af málinu. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið kvaðst muna eftir málsatvikum. Vitnið kvað, að tilkynnt hafi verið, að maður væri farinn frá húsi í Breiholti og léki grunur á, að hann væri undir áhrifum áfengis við aksturinn. Vitnið kvaðst hafa verið á mótorhjóli á Bústaðavegi við Grensásveg. Vitnið kvaðst hafa ekið austur Bústaðaveg og tekið eftir hvítum Range Rover efst í Fossvogi við Gautland. Vitnið kvaðst hafa fundið bifreiðina fyrir tilviljun, en ekki verið tilkynnt um, hvert ferð ökumannsins var heitið. Vitnið kvaðst

hafa farið inn í hús og fengið þar upplýsingar hjá fólki, að maður, sem farið hefði inn í íbúð í efstu hæð til vinstri, hefði líklega komið úr bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa talað við ákærða, sem hélt á glasi í hægri hendi. Vitnið kvast ekki geta sagt nákvæmlega til um það, hve langur tími leið, frá því að tilkynningin barst og þar til vitnið hafði tal af ákærða, en taldi, að ekki hefði liðið meira en 5—15 mínútur. Vitnið kvaðst hafa tilkynnt niður á lög-reglustöð, um leið og vitnið fann bifreiðina. Hafi síðan aðrir lög-reglumenn komið fljótlega og tekið við málinu.

Vitnið kvað, að ákærði hafi virst vera kátur, ekki sýnt nein undrunarmerki og boðið sér strax inn, áður en vitnið bar upp erindið. Vitnið mundi ekki, hvort lögreglumennirnir, sem tóku við málinu, komu inn í íbúðina, en minnti, að svo hefði ekki verið.“

Sama dag kom ákærði fyrir dóminn og skýrði frá á sama hátt og hann gerði hjá lögreglunni í Reykjavík þann 27. júní 1978. Ákærði kvaðst ekki hafa drukkið meira en eitt hvítvinsstaup með mat á Hótel Loftleiðum. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni einni klukkustund, eftir að hann kláraði úr glasinu. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kvaðst hafa farið að Vesturbergi 148 og ætlað að hafa tal af fyrrverandi sambýliskonu sinni. Ákærði kvað, að það hafi verið fyrir Steinþóra Jóhannsdóttir, systir hennar og Einar Þórðarson. Kvað ákærði fólk þetta hafa verið kófdrukkið. Ákærði kvaðst ekki hafa dvalið þarna lengur en 2—4 mínútur. Kvaðst ákærði síðan hafa farið að Gautlandi 9 og drukkið þar úr tveim glösum af áfengisblöndu. Kvað ákærði, að tuttugu mínútum síðar hafi Svanur Elísson lögreglumaður komið. Ákærði kvaðst kannast við Svan, en hann hafi komið nokkrum sinnum á bílasöluna, þar sem ákærði starfaði.

Borin var undir ákærða skýrsla varðstjóra, þar sem fram kemur, að ákærði hafi ekki neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Ákærði taldi, að hann hafi skrifað undir þetta án þess að lesa skýrsluna og kvaðst alltaf hafa haldið því fram, að hann hafi neytt áfengis eftir aksturinn.

Aðspurður sagði ákærði, að hann hafi strax boðið Svani inn, en Svanur var þá ekki búinn að bera upp erindið.

Ákærði kvað, að tveir lögreglumenn hafi komið skömmu síðar, og var Svanur þá inni í íbúðinni. Kvað ákærði lögreglumenn þessa hafa komið í gættina og hafi hann farið með þeim.

Bornir voru undir ákærða vitnaframburðir í máli þessu.

Ákærði kvað ekki ástæðu til að gera athugasemdir við vitnaframburði, en kvað sinn framburð vera þann rétta í máli þessu.

Þann 12. mars sl. kom fyrir dóminn sem vitni Inga Ósk Jóhannsdóttir húsmóðir, fædd 15. nóvember 1953. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið skýrði svo frá, að það hafi verið statt á Vesturbergi 148, er ákærði kom þangað á Range Rover bifreið. Vitnið kvaðst hafa séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið kvaðst sjálft hafa talað við ákærða og heyrt það á máli hans, að hann var undir áfengisáhrifum. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða það vel, að það sá vel, að ákærði var undir áfengisáhrifum.

Vitninu kvaðst vera kunnugt um, að ákærði stamar.

Vitnið kvað, að ákærði hafi farið fljótlega, og þá hringdi Einar á lögregluna.“

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Eiríkur Hreinn Helgason lögreglumaður.

„Vitninu var gerð grein fyrir því, að fyrri eiðvinning þess í málinu gildi í þessu þinghaldi.

Vitnið var spurt að því, hvernig á því stndi, að í frumskýrslu þess er ekki minnst á það, að 3. lögreglumaðurinn, Svanur Elísson, hafði afskipti af málinu og var staddur í íbúð ákærða, er þeir komu á staðinn. Vitnið kvaðst ekki geta gefið skýringu á þessu. Vitnið kvað, að Svanur hafi fært þetta í tal við sig, eftir að hann mætti fyrir dómi í máli þessu, og kvað vitnið sig minna nú, að Svanur hafi verið þarna á staðnum.

Vitnið minnir, að það hafi farið inn í íbúð ákærða.“

Sama dag kom fyrir dóminn aftur sem vitni Kristinn Pedersen lögreglumaður.

„Vitninu var gerð grein fyrir því, að fyrri eiðvinning þess í málinu gildi í þessu þinghaldi.

Vitnið kvað það hafa rifjast upp fyrir sér nú nýlega, að Svanur var í íbúð ákærða, er vitnið og Eiríkur komu á staðinn. Vitnið kvaðst vissu um það, að það hafi farið inn í íbúð ákærða.

Vitnið kvaðst hvorki hafa samið né undirritað frumskýrslur í málinu.

Vitnið kvað, að hefði það verið spurt um þátt Svans, er það mætti síðast, hefði það örugglega rifjast upp fyrir sér.“

Sama dag kom aftur fyrir dóminn sem vitni Svanur Elísson lögreglumaður.

„Vitninu er gerð grein fyrir því, að fyrri eiðvinning þess í málinu gildi í þessu þinghaldi.

Vitnið kvaðst hafa, áður en atburðir þessir urðu, komið með bíl á bílasöluna, þar sem ákærði starfaði. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær þetta var.

Vitninu virtist, er það hafði tal af ákærða í íbúð hans þann 27. maí 1978, að hann kannaðist við sig vegna þessara viðskipta.“

Niðurstöður.

Með hliðsjón af framburði ákærða og vitnisins Svans Elíssonar lögreglumanns verður að telja sannað, að ákærði hafi neytt áfengis að heimili sínu, eftir að akstri lauk, og verður því ekki byggt á niðurstöðu alkóhólrannsóknar við úrlausn máls þessa. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni einni klukkustund eftir að hann kláraði úr einu hvítvinsstaupi með mat á Hótel Loftleiðum. Fær framburður ákærða stoð í framburði vitnisins Stefáns S. Tyrfinngssonar. Er því ósannað, að ákærði hafi neytt meira áfengis fyrir akstur bifreiðar sinnar en þessa hvítvinsstaups.

Vitnin Bjarndís S. Jóhannsdóttir og Inga Ósk Jóhannsdóttir hafa borið, að þau hafi séð áfengisáhrif á ákærða, er hann kom í íbúð að Vesturbergi 148, en vitnið Einar Marel Þórðarson hefur ekki treyst sér til að fullyrða, hvort ákærði var þá undir áfengisáhrifum eða ekki. Því er ekki að neita, að verulegar líkur benda til þess, að ákærði hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis, en með hliðsjón af ósamræmi í framburði síðastgreindra vitna og einnig, að langur tími leið frá atburðum, þar til vitnin komu fyrir dóm, þykir með vísan til 108. gr. laga um meðferð opinberra mála varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni undir slíkum áhrifum áfengis, er í 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga getur. Ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu og leggja kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Rétt er að taka fram, að í frumskýrslu lögreglumannsins Eiríks Hreins Helgasonar, er hvergi minnst á þátt lögreglumannsins Svans Elíssonar í máli þessu, og ber að víta slík vinnubrögð.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Kristjánsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu. Sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00, greiðist úr ríkissjóði.